# HEILBRIGÐISNEFND
# HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
# 197. fundur – 2. febrúar 2015

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 2. febrúar 2015.
Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ.
Fundurinn hófst kl. 16.15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Fjölnir Sæmundsson boðaði forföll og í hans stað mætti Árni Stefán Jónsson.

Fundargerð 196. fundar heilbrigðisnefndar frá 24. nóvember 2014 lögð fram.

## 1 Fundargerð 174. starfsmannafundar frá 27. janúar 2015

### *1.1 Starfsleyfi*

**Umdæmið**

1.1.1 Sorphirða og sorpflutningar

Lögð fram umsókn Jóns Þóris Frantzsonar f.h. Íslenska Gámafélagsins ehf., kt. 470596-2289, dags. 16.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til sorphirðu og sorpflutninga á eftirlitssvæðinu. Aðsetur fyrirtækisins er í Gufunesi, Reykjavík. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

**Garðabær**

1.1.2 Brekkuskógar 5, Garðabær - daggæsla

Lögð fram umsókn Sigrúnar Antonsdóttur, kt.020788-2409, dags. 18.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn að Brekkuskógum 5, Garðabæ. Samþykkt húseigenda sem búa í húsinu fylgir umsókn. Húshluti: einbýlishús. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

1.1.3 Sandakur 12, Garðabær - gisting

Lögð fram umsókn Dyah Anggraini, kt.220980-2869, dags. 16.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs orlofshúss að Sandakri 12, Garðabæ. Umsókn fylgir samþykkt byggingarnefndarteikning fyrir íbúðarhúsnæði. Húshluti: raðhús. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.4 Suðurhraun 2, Garðabær – sala á matvöru

Lögð fram umsókn Bernhards Svendsen, f.h. Ensím ehf., kt. 22.01.2015, dags. 19.01.2014, þar sem sótt er um leyfi til sölu matvæla til vín- og bjórgerðar að Suðurhrauni 2, Garðabæ.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*1.1.5 Vífilsstaðavegur 118, Garðabær – leikskóli*

Lögð fram umsókn Ernu Káradóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039 dags. 21.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskólans Litlu Ásar, Garðabæ. Viðbót við húsnæði.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt að endurútgefa starfsleyfi til 24. nóvember 2025.

**Hafnarfjörður**

1.1.6 Cuxhavengata 1, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gunnars Óla Guðjónssonar f.h. Bílaþjónustu Gunna ehf., kt. 480999-2234, dags. 25.11.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 1.1.7 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Tómasar Darra Róbertssonar, f.h. Bakkafoss ehf., kt. 591214-1440, dags. 22.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Húshlutil: 02 0101. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 1.1.8 Fornubúðir 10, Hafnarfjörður – fiskbúð

Lögð fram umsókn Wieskaw Cimoszko, f.h. Ocean fish ehf., kt. 710712-1070, dags. 5.01.2015 þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Fornubúðum 10, Hafnarfirði.
Húshlutil: 01 0106. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 1.1.9 Helluhraun 14-16, Hafnarfjörður – fiskbúð

Lögð fram umsókn Hafsteins Hafsteinssonar, f.h. Fiskverslunar Hafnarfjarðar ehf., kt. 511114-0470, dags. 25.11.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Helluhrauni 14-16, Hafnarfirði.
Húshlutil: 01 0108. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

### 1.1.10 Hvaleyrarbraut 31, Hafnarfjörður – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Ólafar L. Sigurþórsdóttur, f.h. Hamrafells ehf., kt. 500485-0519, dags. 16.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 31, Hafnarfirði. Húshlutil: allt húsið.
Endurnýjun
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 1.1.11 Lækjargata 46, Hafnarfjörður – bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Páls Mars Magnússonar f.h. Löður ehf., kt. 580912-0280, dags. 17.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfvirkrar bílaþvottastöðvar að Lækjargötu 46, Hafnarfirði.
Ný starfsemi
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 1.1.12 Melabraut 26, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Alexanders Haraldssonar f.h. S500 ehf., kt. 530614-1820, dags. 21.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaleigu og bifreiðaverkstæðis að Melabraut 26, Hafnarfirði.
Húshluti: 01 0101, fastanr. 224-2914. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

### 1.1.13 Miðhella 4, Hafnarfjörður – matvörudreifing

Lögð fram umsókn Þorsteins P. Sverrissonar f.h. Demeter ehf., kt. 670812-1030 dags. 15.01.2015 þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvörugeymslu og dreifingu að Miðhellu 4, Hafnarfirði.
Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

### 1.1.14 Norðurhella 10, Hafnarfjörður – hreinlætisvöruverksmiðja

Lögð fram að nýju umsókn Richard Kristinssonar f.h. Mjallar - Friggjar hf., kt. 430610-0580 dags. 15.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu hreinlætisvara að Norðurhellu 10, Hafnarfirði.
Ný starfsemi.
Tillaga að starfsleyfi var auglýst til kynningar í Fréttablaðinu þann 20. nóvember 2014 og Fjarðarpóstinum 20. Nóvember 2014. Engar athugasemdir bárust.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með gildistíma til 12 ára.

1.1.15 Óseyrarbraut 5, Hafnarfjörður – mjöl- og lýsisvinnsla

Lögð fram að nýju umsókn Elsu Eðvaldsdóttur f.h. S.Iceland ehf., kt. 660271-0159, dags. 20.10.2014, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi til reksturs lítillar próteina- og lýsisvinnslu að Óseyrarbraut 5, Hafnarfirði. Viðbótar starfsemi.
Tillaga að starfsleyfi var auglýst til kynningar í Fréttablaðinu þann 20. nóvember 2014 og Fjarðarpóstinum 20. nóvember 2014. Engar athugasemdir bárust.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi með gildistíma til 4 ára.

1.1.16 Reykjavíkurvegur 56, Hafnarfjörður - hjólbarðaverkstæði

Lögð fram umsókn Helga Kristjánssonar f.h. N1 hf., hjólbarðaverkstæði., kt. 540206-2010, dags. 19.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.17 Smárahvammur 1, Hafnarfjörður – heimagisting

Lögð fram umsókn Sigrúnar Rohleder, kt. 240271-2149, dags. 15.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Smárahvammi 1, Hafnarfirði. Umsókn fylgir uppdráttur umsækjanda að fyrirkomulagi. Húshluti: 01 0101 fastanr. 207-9048. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.18 Steinhellu 10, Hafnarfjörður – varaaflsstöð

Lögð fram umsókn Kristjáns Hákonarsonar f.h Advania ehf., kt. 590269-7199 dags. 28.11.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gagnavers með varaaflsstöð að Steinhellu 10, Hafnarfirði.
Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Strandgata 19, Hafnarfjörður – niðurrif fasteignar

Lögð fram umsókn Sigurjóns Halldórssonar f.h. Brotafls ehf, kt. 490108-2030, dags. 16.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Strandgötu 19, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu starfsleyfis til 9.03.2015.

## Kópavogur

1.1.20 Bæjarlind 2, Kópavogur - pizzastaður

Lögð fram umsókn Valgeirs Gunnlaugssonar, f.h. Bragga Pizzu ehf., kt. 441102-3050, dags. 3.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs pizzustaðar að Bæjarlind 2, Kópavogi.
Húshluti hluti af 01 0201. Ný starfsemi.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.21 Dalbrekka 2, Kópavogur – niðurrif fasteignar

Lögð fram umsókn Leifs Guðjónssonar f.h. VGH-Mosfellsbæ ehf, kt. 600104-4030, dags. 22.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Dalbrekku 2, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 26.01.2015.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu starfsleyfis til 1.04.2015.

1.1.22 Dalvegur 4, Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Guðlaugs Pálssonar, f.h. Frostmarks ehf., kt. 421096-2019, dags. 3.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kælitækjaverkstæðis að Dalvegi 4, Kópavogi.
Húshluti: hluti af 01 0203. Endurnýjun.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.23 Dalvegur 22, Kópavogur - bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Páls Mars Magnússonar, f.h. Löðurs ehf., kt. 580912-0280, dags. 26.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfvirkrar bílaþvottastöðvar að Dalvegi 22, Kópavogi.

Húshluti: hluti af 02 0101. Ný starfsemi.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.24 Dalvegur 24, Kópavogur - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Wojciech Krasko, f.h. Car-Med ehf., kt. 700810-0620, dags. 22.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Dalvegi 24, Kópavogi.
Húshluti: hluti af 01 0101. Endurnýjun.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.25 Dalvegur 28, Kópavogur - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gísla Rúnars Kristinssonar, f.h. Bílalausnir ehf., kt. 460514-0610, dags. 16.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Dalvegi 28, Kópavogi.
Húshluti: hluti af 01 0101 (hluti af 0101). Ný starfsemi.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.26 Hæðasmári 6, Kópavogur – veitingahús

Lagðar fram umsóknir Guðmundar Magnússonar, f.h. Gló veitingar ehf., kt.700608-0500, dags. 3.12.2014 og 5.01.2015 þar sem sótt er um leyfi fyrir stóreldhúsi og veitingastofu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.27 Laufbrekka 8, Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Sverris Magnússonar, f.h. Steinbergs ehf., kt. 430183-1179, dags. 3.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis fyrirtækis að Laufbrekku 8, Kópavogi.
Húshluti: 01 0101 vestari helmingur. Endurnýjun.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.28 Lyngbrekka 5, Kópavogur - daggæsla

Lögð fram umsókn Brynju Gestsdóttur, kt.150489-2539, dags. 12.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrir allt að 10 börn, á einkaheimili að Lyngbrekku 5, miðhæð, Kópavogi. Íbúð í þríbýlishúsi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er mælt með starfsleyfi til 4 ára.

1.1.29 Smiðjuvegur 2, Kópavogi – bensínstöð

Lögð fram umsókn Valgeirs M. Baldurssonar f.h. Skeljungs hf., kt. 590269-1749, dags. 19.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.30 Stórihjalli 2, Kópavogi – bílaþvottastöð

Lögð fram umsókn Páls Más Magnússonar f.h. Löður ehf., kt. 580912-0280, dags. 17.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjálfvirkrar bílaþvottastöðvar að Stórahjalla 2, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.31 Urðarhvarf 2, Kópavogur – gisting

Lögð fram umsókn Rafns Ara Grétarssonar, f.h. Hádegismóa ehf., kt. 540605-0920, dags. 24.11.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistingar (íbúðahótel) að Urðarhvarfi 2, Kópavogi.
Húshluti: 2.- 6.hæð. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.32 Urðarhvarf 2, Kópavogur – heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Ágústs Péturssonar, f.h. RFC ehf., kt. 710511-0120, dags. 11.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsuræktarstöðvar að Urðarhvarfi 2, Kópavogi.

Húshluti: 1. hæð. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

1.1.33 Vesturvör 30c, Kópavogur - mötuneytil

Lögð fram umsókn Kristjáns Magnússonar, f.h. Exton ehf., kt. 470499-2069, dags. 14.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis að Vesturvör 30c, Kópavogi.
Húshluti: 03 0101. Ný starfsemi.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar.

### *1.2 Umsagnir*

**Garðabær**

1.2.1 Breiðumýri, Garðabær, - íþróttahús,- tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.6.01.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvenfélags Álftaness, kt. 451179-0209, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 24.01.2015, frá kl. 19.00 - 03.00 fyrir allt að 700 manns, í íþróttahúsinu Breiðumýri, Garðabæ.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Skólabraut, Garðabær, - íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags.16.12.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnudeildar Stjörnunnar kt. 580589-3419, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verða þann 23.01.2015, frá kl. 19.00 – 03.00 fyrir allt að 1200 manns, í íþróttahúsinu Mýrinni við Skólabraut, Garðabæ.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.3 Sandakur 12, Garðabær – gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.01.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Dyah Anggraini kt. 220980-2869, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II að Sandakri 12.
Eftirfarandi samþykkt var gerð:
“Heilbrigðisnefnd samþykki þann 2.02.2015 starfsleyfi fyrir gististað skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir orlofshús.”

**Hafnarfjörður**

1.2.4 Kaplakriki, Hafnarfirði, - íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags.29.12.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika sem haldnir verða þann 31.01.2015, frá kl. 19.00 – 01.00 fyrir allt að 3000 manns, í Kaplakrika, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn staðfest.

**Kópavogur**

1.2.5 Bæjarlind 6, Kópavogur - veitingahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.01.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rosaam ehf (SPOT), kt. 631008-0110, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður aðfaranótt 2.02.2015, til kl. 04.00 en staðurinn er með rekstrarleyfi í flokki III í gildi til 18.06.2017.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.6 Bæjarlind 2, Kópavogur – veitingastofa rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.01.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bragga pizzu ehf., kt. 441102-3050, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II að Bæjarlind 2, Kópavogi.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.7 Hæðasmári 6, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 4.12.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gló ehf., kt. 700608-0500, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki II að Hæðasmára 6, Kópavogi.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.8 Hestheimar 14-16, Kópavogur – samkomustaður, tækifærisleyfi

Lögð fram þrjú erindi frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu frá 2. febrúar 2015 þar sem óskað er umsagnar um tímabundin áfengisleyfi í veitingasal reiðhallar að Hestheimum 14-16, Kópavogi, þann

- 5. febrúar 2015, frá kl. 18:30 til kl. 23
- 6. febrúar 2015, frá kl. 16 til kl. 01
- 14. febrúar 2015, frá kl. 16 til kl. 02

Heilbrigðisnefnd staðfestir að fyrir liggur starfsleyfi fyrir samkomusalinn og gerir ekki athugasemd varðandi umsóknirnar.

1.2.9 Kópavogsbraut 115, Kópavogi – söluskáli, byggingaleyfi

Lagt fram bréf frá Byggingafulltrúa Kópavogs dags. 16.01.2015 þar sem óskað er umsagnar varðandi breytingu á söluskála að Kópavogsbraut 115, Kópavogi. Á lóðinni er einnig sjáfsafgreiðslustöð Atlantsolíu. Erindinu fylgdi teikning Teiknistofunnar Traðar dag. 12.01.2015.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

,,Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við endurbyggingu söluskálans. Fyrirhugaðar breytingar eiga að geta fallið að ákvæðum matvælalaga varðandi matvælaöryggi með smávægilegri lagfæringu varðandi hreinlætisbúnað. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti þarf að tryggja á viðunandi hátt aðkomu fyrir viðskiptavini að gestasalerni.

Umsögn þessi nær ekki til sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir eldsneyti.“

1.2.10 Vallakór 12, íþróttahús - tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.13.01.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn HK, kt. 630981-0269, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem haldin verður þann 24.01.2015, frá kl. 19.00 – 03.00 fyrir allt að 1200 manns, í íþróttahúsinu Kórnum, Kópavogi.
Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.11 Urðarhvarf 2, Kópavogur – gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 26.11.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hádegismóa ehf., kt. 540605-0920, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II að Urðarhvarfi 2, Kópavogi.
Umsögn verður veitt að lokinni úttekt.

1.2.12 Ögurhvarf 2, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 8.12.2014, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skalla ehf., kt. 651110-0760, þar sem sótt er um breytingu á rekstrarleyfi fyrir veitilngahús í flokk II að Ögurhvarfi 2 Kópavogi.
Eftirfarandi samþykkt var gerð:
“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30.01.2012 starfsleyfi fyrir veitingahús skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæð umsögn er veitt fyrir breytingu á rekstarleyfi.”

### *1.3 Tóbaksleyfi*

1.3.1 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Bakkafoss ehf, kt. 591214-1440, dags. 22.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Dalsnesti, Dalshrauni 13, Hafnarfirði.
Leyfisveiting staðfest.

1.3.2 Lækjargata 46, Hafnarfjörður – verslun og þjónustustöð

Lögð fram umsókn N1 ehf, kt. 540206-2010, dags. 7.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í N1 þjónustustöð, Lækjargötu 46, Hafnarfirði.
Leyfisveiting samþykkt.

1.3.3 Stórihjalli 2, Kópavogur – verslun og þjónustustöð

Lögð fram umsókn N1 ehf, kt. 540206-2010, dags. 7.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í N1 þjónustustöð, Stórahjalla 2, Kópavogi.
Leyfisveiting staðfest.

1.3.4 Reykjavíkurvegur 54, Hafnarfjörður – verslun og þjónustustöð

Lögð fram umsókn N1 ehf, kt. 540206-2010, dags. 16.01.2015, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í N1 þjónustustöð, Reykjavíkurvegi 54, Hafnarfirði.
Leyfisveiting staðfest.

## *1.4 Annað*

1.4.1 Ósoneyðandi kælimiðlar

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Umhverfisstofnunar frá 28. nóvember 2014 þar sem minnt er á að óheimilt verður frá áramótum að fylla á starfandi kæli- og loftræstilkerfi með ósoneyðandi kælimiðlum.

1.4.2 Söfnunar- og móttökustöðvar sem eru með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Lagðar fram til kynningar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna móttöku spilliefna.

1.4.3 Áramótabrennur

Lögð fram til kynningar erindi varðandi brennur og flugeldasýningar.

1.4.3.1 Norðan Gesthúsa, Garðabær, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhönnu Aradóttur f.h. Garðabæjar kt. 570169-6109, dags. 17.12.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu á bökkunum norðan við Gesthús (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2014.

1.4.3.2 Sjávargrund, Garðabær, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Victors Inga Olsens f.h. Knattspyrnudeildar Stjörnunnar kt. 580589-1389, dags. 18.12.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Sjávargrund í Garðabæ, (sama staðsetning og undanfarin ár) kl. 21.00 þann 31. desember 2014.

1.4.3.3 Tjarnarvellir 7, Hafnarfjörður, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jónatans Inga Jónssonar, f.h. Knattspyrnufélagsins Hauka kt. 600169-0419, dags.10.12.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Tjarnarvelli 7, Hafnarfirði (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2014.

1.4.3.4 Gulaþing, Kópavogur, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Árna Þórs Árnasonar kt. 240366-5179, dags. 10.12.2014, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu í Þinghverfi fyrir ofan Gulaþing, kl. 20.30 þann 31. desember 2014.

1.4.3.5 Smárahvammur, Kópavogur, áramótabrenna

Lagt fram bréf Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóns Magnússonar f.h. Breiðabliks kt. 480169-0699, dags. 12.12.2014, þar sem sótt er um leyfi til áramótabrennu á brennusvæði við Smárahvamm (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31. desember 2014.

1.4.4 Flugeldasýningar.

*Lagt fram til kynningar yfirlit um flugeldasýningar um áramót og þrettánda.*

- Flugeldasýning Hjálparsveitar skáta Garðabæ á túni innst í Arnarnesvogi 31.12.2014.
- Flugeldasýning HSSK við fótboltavöll í Kópavogsdal 31.12.2014
- Flugeldasýning HSSK við Furugrund þrettándagleði 10.01.2015.

## 2 Starfsemi heilbrigðiseftirlits á árinu 2014

Undirbúningur ársskýrslu samkvæmt bráðbirgða samantekt úr gögnum við eftirlit.

*2.1 Yfirlit um starf heilbrigðisnefndar 2014*

Heilbrigðisnefnd hélt 11 fundi á árinu. Samkvæmt fundagerðum voru bókaðir 454 dagskrárliðir. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflokki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi.

*2.2 Niðurstöður eftirlits 2014*

Í lok árs 2014 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1399 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 773 aðilar eftirlitsheimsóknir. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1277 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok og voru farnar 1355 eftirlitsferðir til umræddra 773 aðila. Til viðbótar var farið í 274 eftirlitsferð á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfsemin var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

*2.3 Yfirlit um almennar kvartanir 2014*

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 133. Kvartanir og fyrirspurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu eru fyrirferðamiklar í þessum flokki eða 33. Sama á við um kvartanir vegna dýrahalds eða flækingsdýra annars en hundahalds voru 48 kvörtun. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða stofnana þar sem fólk leitar þjónustu leiddi til 17 kvartana eða ábendinga.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 84 og er sá flokkur nokkuð fjölbreytilegur. Hluti þeirra er vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfisskyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Má þar til nefna kjötvinnslur, málmsteypur og fyrirtæki sem meðhöndla úrgang. Auk fyrrnefndra kvartana voru kvartanir undan ónæði vegna niðurrifs mannvirkja, sóðaskapar og hávaða.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru 69. Kvartað var vegna merkingu matvæla, þ.m.t. vegna vanmerkinga, 15 sinnum og vegna ólöglegra innihaldsefna í fæðubótarefnum 5 sinnum. Um slæma meðferð matvæla bárust 11 kvartanir. Þar falla undir kvartanir um að matvæli séu höfð á boðstólnum lengur en leyfilegt er eða eru skemmd við neyslu. Ábendingar um ónógt hreinlætil voru 17 og vegna hugsanlegra matarsýkinga 14 talsins. Kvartanir vegna aðskotahluta í matvælum voru 3. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum. .

Á árinu komu til meðferðar 9 kvartanir vegna meintra brota á tóbaksvarnalögum. Flestar voru um sölu tóbaks til ungmenna. Aðrar um að ungmenni væru neydd til að selja tóbak og sýnileika tóbaksvara á sölustöðum.

Í flokknum almennar kvartanir eru m.a. teknar saman kvartanir vegna slæmrar umgengni um sorp og úrgang. Slíkar kvartanir reyndust 89 og er þá ekki átt við kvartanir undan starfsleyfisskyldum atvinnurekstri. Vegna slæmrar umgengni um lóðir voru 11. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 28 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Starfsmenn

þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum tugum bifreiða án númera á almannafæri.

### 2.4 Yfirlit yfir fjölda skráðra hunda í lok árs 2014

Um áramótin 2012-2013 voru á skrá 2344 hundur í umdæmi heilbrigðisnefndar. Óveruleg breyting er á fjölda skráðra hunda milli ára. Hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Eigendur 1401 hunda hafa sótt námskeið í hunduppeldi. Sjö hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa og einn hjálparhundur er skráður á svæðinu.

### 2.5 Yfirlit um kvartanir vegna hundahalds 2014

Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 123 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var eins og áður vegna lausra hunda eða í 53 tilviki. Til meðferðar á árinu komu 8 mál sem tengjast árásargirni, ógnunum eða árásum hunds á fólk eða dýr. Í slíkum tilvikum kemur einnig oft til afskipta lögreglu.

### 2.6 Samantekt um vörslu katta 2014

Farið var yfir framkvæmd um vörslu katta. 171 köttur var teknin til vörslu í kattageymslu á árinu. 32 var komið til síns heima að nýju og 42 fengu nýtt heimili.

### 2.7 Áramóta og þrettándabrennur 2014 -2015

Lagt fram yfirlit yfir áramóta- og þrettándabrennur í lok árs 2014 og byrjun árs 2015.
Samstillt átak undanfarin ár hefur dregið stórlega úr loftmengun frá brennum sem þó er óhjákvæmilega alltaf nokkur. Brennurnar hafa nú orðið aðallega skemmtanagildi en eru hættar að vera úrgangsförgun.

### 2.8 Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs 567. Ákveðið hefur verið til að styrkja matvælaeftirlitið með því að gerast aðili að gagnagrunnskerfi Matvælastofnunar. Innleiðing á þeirri vinnu hófst á haustmánuðum. Jafnframt því er unnið að nýju áhættumati og eftirlitshandbók. Á árinu voru tekin til örverugreininga 51 sýnishorn vegna eftirlits með matvöru á markaði. Auk þess voru 445 sýnishorn og mælingar gerðar vegna hreinlætis eftirlitis í mötuneytum og veitingastöðum. Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tillitil til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Tekin voru á árinu 92 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi. Einnig voru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsbólum og dreifkerfinu. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga er birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

### 2.9 Tóbakseftirlit

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Ein sérverslun er með tóbak. Endurnýjuð voru 17 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga og veitt eitt leyfi til dreifingaraðila. Þann 31.12.2014 voru smásölustaðir tóbaks alls 50 í umdæminu.

### 2.10 Loftgæðavöktun

Með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem staðfestar voru í lok árs 2013 ber heilbrigðisnefndir sveitarfélaga að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar eftir því sem þörf er á, og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Í dag eru í rekstri tvær loftgæðamælistöðvar sem nýtast í þessum tilgangi. Færanleg loftgæðamælistöð var í Lækjarbotnum fram í maímánuð en hefur verið staðsett við Dalsmára í Kópavogi frá þeim tíma og mælingum sem hófust í lok árs 2013 að Norðurhellu 2, í Hafnarfirði hefur verið haldið áfram til þessa.

# 3 Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

### *3.1 Fundargerðir framkvæmdastjórnar um vatnsvernd*

Lagðar fram til kynningar fundargerðir framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 10. desember 2014 og 27. janúar 2015.

### *3.2 Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd*

Lögð fram til kynningar ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfðuðborgarsvæðinu fyrir árið 2014

### 3.3 Heilbrigðissamþykkt um vatnsverndarsvæði

Lögð fram tillaga að nýrri heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndarsvæðin.
Afgreiðslu frestað

# 4 Skipulagsmál

Lagt fram erindi Garðabæjar frá 5. janúar 2015 um kynningu lýsingar aðalskipulags Garðabæjar 2016 til 2030.
Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um verkáætlunina.

# 5 Loftgæðamál

Lagt fram afrit af erindi Umhverfisstofnunar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 9. janúar 2015 varðandi loftgæðamælingar Orkuveitu Reykjavíkur við Lækjarbotna.
Lagður fram að nýju tölvupóstur Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. október 2014 varðandi ákvörðun stjórnar fyrirtækisins um að kaupa og setja upp færanlega mælistöð til eins árs í Lækjarbotnum til mælinga á brennisteinsvetni.
Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá fyrirtækinu er að vonast til að mælirinn komist í gagnið um miðjan febrúar eða í síðasta lagi fyrir lok febrúar.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

# 6 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 25. nóvember 2014

# 7 Önnur mál

### *7.1 Olíubirgðastöð í Kapelluhrauni*

Til umræðu kom að nýr aðili er kominn að rekstri olíubirgðarstöðvar í Kapelluhrauni sem áður var varaaflstöð sem áður var í eigu Landsvirkjunnar.
Ákveðið að óska upplýsinga frá Umhverfisstofnun um stöðu mála við mengunarvarnir.

### *7.2 Stjórnsýslukæra vegna banns bifreiða á Sandskeiði*

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlinamála frá 5. janúar 2015 varðandi stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar um bann við akstri bifreiða á vatnsverndarsvæði.
Farið var yfir svar til nefndarinnar og ákveðið að svara úrskurðarnefnd um að afstaða nefndarinnar hafi ekki breyst um þýðingu vatnsverndarsvæðisins varðandi öryggi neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

| | |
|---|---|
| Árni Stefán Jónsson | Gnýr Guðmundsson |
| Hörður Svavarsson | Jón Haukur Ingvason |
| Jón Bjarni Þorsteinsson | Svava H. Guðmundsdóttilr |